

2010-2012

Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands



38. hafnasambandsþing
haldið í Vestmannaeyjum
20. og 21. september 2012

Hafnasamband Íslands: Skýrsla stjórnar Hafnasambands Íslands 2010–2012
September 2012

Útgefandi: Hafnasamband Íslands
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 REYKJAVÍK
Sími: 515 4900
Fax: 515 4902
Netfang: hafnir@samband.is
Veffang: hafnasamband.is

Umbrot og textavinnsla: Rekstrar- og útgáfusvið Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir – Gunnlaugur A. Júlíusson – Már Sveinbjörnsson.

© 2012 Hafnasamband Íslands

I. INNGANGUR

Frá því að hafnasambandsþing var haldið á Snæfellsnesi í september 2010 hefur efnahagur hafna batnað og umsvif margra hafna vaxið með auknum afla, flutningum og fjölgun skemmtiferðaskipa. Þó svo að betur hafi árað hjá sumum höfnum eru aðrar enn að berjast við þungan rekstur og óvissa stöðu til lengri tíma.

Á starfstímabili stjórnar Hafnasambands Íslands hefur endurskoðun hafnalaga verið meginverkefni stjórnarinnar og hefur innanríkisráðuneytið nú til meðferðar tillögu að breytingum á hafnalögum, sem miða að því að styrkja starfsemi hafnanna. Lagabókstafurinn einn mun þó aldrei leysa öll vandamál og því verður áfram viðvarandi verkefni að tryggja íslenskum höfnum traustan rekstrargrundvöll. Ýmis önnur verkefni hafa verið ofarlega á baugi stjórnar hafnasambandsins, m.a. vigtarmál, umhverfis- og mengunarmál, hafnavernd og samgönguáætlun.

Varðandi efni samgönguáætlunar til lengri og skemmri tíma er það skoðun stjórnar HÍ að umfjöllun um málefni hafna og verkefni þeirra sé heldur rýr, en boðað er að á gildistíma áætlanna verði mótuð stefna í málefnum hafnanna.

Hafnafundur var haldinn í Reykjavík í september 2011 og var þar m.a. fjallað um umhverfis- og skipulagsmál, breytingar á hafnalögum og fjárhag hafna. Að fundi loknum var hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. í Reykjavík skoðað.

Stjórn Hafnasambands Íslands hélt uppi þeirri viðteknu venju að heimsækja ákveðin landssvæði og var á árinu 2011 farið um hafnir frá Þorlákshöfn um Suðurnes og í Hafnarfjörð, en á árinu 2012 voru hafnir á Vestfjörðum heimsóttar og aðstæður skoðaðar hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi.

Það er áfram mikilvægt verkefni hafnafólks að styrkja ímynd hafna og skilning á mikilvægi þeirra fyrir byggðarlög og efnahag þjóðarinnar. Sá sannleikur berst frá erlendum þjóðum að viðreisn efnahags hefjist undantekningalaust í höfnunum og ekki verður annað séð en að það sama eigi við á Íslandi. Fjárfestingar í höfnum og aðstöðu fyrirtækja á hafnarsvæðum eru því skynsamlegar. Það á að vera metnaðmál þjóðarinnar og þeirra sem móta stefnuna til lengri tíma, að hafnir landsins verði, hvað aðstöðu varðar og fjárhag, þær styrku stoðir sem öflugur samgöngukerfi er nauðsynlegt.



II. STJÓRNARFUNDIR OG NEFNDARSTÖRF

STJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta hafnasambandsþingi hafa verið haldnir 17 stjórnarfundir og þar af nokkrir símafundir. Sem fyrr hafa verkefni stjórnar verið fjölbreytt. M.a. hafa verið veittar umsagnir um mál sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi, fyrirspurnum svarað frá ýmsum aðilum, afgreidd mál sem m.a. hafa komið frá stjórnarmönnum og starfsmönnum og stjórnendum hafna. Starfsnefndir HÍ hafa verið vel virkar, auk þess sem fulltrúar einstakra hafna hafa starfað í nefndum þar sem HÍ hefur tilnefnt fulltrúa.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel þar sem sérþekking nefndarmanna á hinum ýmsu sviðum kemur að góðum notum. Stjórn hafnasambandsins tímabilið frá 2010 til 2012 var þannig skipuð:

Aðalmenn:

- Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf., formaður
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, hafnarstjóri Tálknafjarðarhafnar, varaformaður
- Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar
- Guðný Sverrisdóttir, stjórnarmaður í Hafnasamlagi Norðurlands
- Steinþór Pétursson, hafnarstjóri Fjarðabyggðarhafna
- Ólafur Örn Ólafsson, hafnarstjóri Þorlákshafnar
- Skúli Þórðarson, hafnarstjóri Hvammstangahafnar

Varamenn:

- Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri Hafna Ísafjarðarbæjar
- Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Hafna Snæfellsbæjar
- Svanfríður I. Jónasdóttir, hafnarstjóri Dalvíkurhafnar

NEFNDASTÖRF

Stjórnin skipaði eftirtaldar starfsnefndir með skilgreindum verkefnum á fundi 5. nóvember 2010 og hafa störf nefndanna tekið mið af verkefnum. Talsverður fjöldi funda hefur verið haldinn ýmist í síma eða sem hefðbundnir viðverufundir.

Fræðslunefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að undirbúa fundi og fræðslu á vegum HÍ.

Nefndarmenn:

- Steinþór Pétursson, formaður (Fjarðabyggðarhafnir)
- Pétur Jóhannsson, (Reykjaneshafnir)
- Þorsteinn Steinsson, (Vopnafjarðarhöfn)

Umhverfis- og öryggisnefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að fjalla um umhverfismál, öryggismál, starfsemi lóðsins, slysavarnir, sölu á rafmagni og samskipti við Umhverfisstofnun og iðnaðar- og umhverfisráðuneyti.

Nefndarmenn:

- Hörður Blöndal formaður (Hafnasamlag Norðurlands)
- Már Sveinbjörnsson, (Hafnarfjarðarhöfn)
- Gísli J. Hallsson, (Faxaflóahafnir sf.)
- Björn Arnaldsson (Hafnir Snæfellsbæjar)

Fjárhagsnefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að greina þær tillögur sem settar voru saman í skýrslu um fjárhagsstöðu hafna.

Nefndarmenn:

- Ólafur Örn Ólafsson, formaður (Þorlákshöfn)
- Jón Norðfjörð (Sandgerðishöfn)
- Magnús B. Jónsson, (Skagastrandarhöfn)
- Guðný Sverrisdóttir (Hafnasamlag Norðurlands)

Hafnalaganefnd

Aðalverkefni nefndarinnar er að vera bakhópur þeirra fulltrúa sem tilnefndir voru í nefnd samgönguráðherra um endurskoðun hafnalaga.

Nefndarmenn:

- Gísli Gíslason, formaður (Faxaflóahafnir sf.)
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (Tálknafjarðarhöfn)
- Sveinn R. Valgeirsson (Vestmannaeyjahöfn)
- Guðmundur Kristjánsson (Hafnir Ísafjarðarbæjar)
- Hjalti Þór Vignisson (Hornafjarðarhöfn)

TILNEFNING HAFNASAMBANDSINS Í NEFNDIR OG RÁÐ

Hafnaráð 2006-2010

- Sveinn R. Valgeirsson (Vestmannaeyjahöfn)
- Ásthildur Sturludóttir (Hafnir Vesturbyggðar)

Til vara:

- Hörður Blöndal (Hafnasamlag Norðurlands)
- Þorsteinn Steinsson (Vopnafjarðarhöfn)

Að auki var Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðarhafnar, og Björn Arnaldsson, hafnarstjóri í Snæfellsbæ, skipaðir tengiliðir stjórnar við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Fiskistofu vegna vigtarmála.

Fundargerðir stjórnar og nefnda er að finna á vefsíðu hafnasambandsins www.hafnasamband.is.



III. HAFNAFUNDUR 2011

Fimmti hafnafundur hafnasambandsins var haldinn í Sjóminjasafninu Víkinni í Reykjavík þann 16. september 2011. Innanríkisráðherra Ögmundur Jónasson ávarpaði fundinn. Umfjöllunarefni hafnafundarins voru eftirfarandi:

Endurskoðun hafnalaga

Sigurður Ó. Guðleifsson, formaður starfshóps um endurskoðun hafnalaga.

Afkoma hafna árið 2010

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarélaga.

Skipulagsmál hafna

Málfríður K. Kristiansen, verkefnisstjóri hjá Skipulagsstofnun.

Hafnir í grunnneti

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs hjá Siglingastofnun.

Umhverfissvottanir hafna

Eva Yngvadóttir, verkefnisstjóri hjá Verkfræðistofunni Eflu.

Umhverfisstefna fyrir hafnir

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.

Kynning á starfssvæðum Faxaflóahafna sf. í Reykjavík

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.



Fundinn sóttu rúmlega 80 þátttakendur, fyrirlesarar og gestir. Fundarmenn heimsóttu aðalstöðvar Eimskipa hf. í Sundahöfn og þáðu góðan greiða undir fyrirlestri forsvarsmanna félagsins.

Dagskrá fundarins lauk svo með kvöldverði í funda- og ráðstefnuhúsinu Hörpu í Reykjavík.

IV. ÁLYKTANIR HAFNASAMBANDSPINGS 2010

Á hafnasambandsþingi í Stykkishólmi í september 2010 voru samþykktar eftirfarandi ályktanir:

Ályktun um vigtarmál



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 beinir þeirri áskorun til sjávarútvegsráðherra og dómsmálaráðherra að komið verði til móts við aðfinnslur hafnanna varðandi framkvæmd á vigtun sjávarafila og þann kostnað sem lagður er á hafnarsjóði með ströngum reglum. Óhjákvæmilegt er að taka í mun ríkari mæli en nú er gert, tillit til stöðu margra hafna, sérstaklega varðandi kostnað af endurmenntun og skilgreiningu á hæfi vigtarmanna. Einnig að rýmkaðar verði heimildir hafnanna til að kaupa vigtun með verksamningum og koma á fjarvigtun.

Ályktun um strandflutninga



Hafnasambandsþing, haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010, fagnar áhuga samgönguyfirvalda á því að hefja strandflutninga á ný til vegs og virðingar. Af hálfu Hafnasambands Íslands hefur um árabíl verið bent á hagkvæmni þess að beina hluta vöruflutninga á sjó, m.a. með hliðsjón af öryggis- og umhverfissjónarmiðum og í því skyni að minnka slit á vegum. Nýleg skýrsla starfshóps á vegum samgönguráðuneytisins ber með sér að sjóflutningar geti verið þjóðhagslega hagkvæmur kostur. Því telur hafnasambandsþing að fylgja beri þeirri stefnumörkun eftir að strandflutningar verði að nýju raunhæfur flutningamáti og að tillögum um frekari vinnu verði fylgt fast eftir. Jafnframt samþykkir þingið að skoðuð verði hagkvæmni þess að eldsneytisflutningar verði færðir af vegunum og bendir á að í höfnum landsins er þegar til staðar búnaður til móttöku eldsneytis.

Ályktun um umhverfisstarf hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 vekur athygli aðildarhafna sinna á auknu vægi umhverfismála í rekstri hafna. Margir þættir í rekstri hafna snúast um umhverfismál, en víða skortir á að stuðst sé við heildstæða stefnu og skipulagt starf í þeim efnum. Hafnasambandsþing bendir á mikilvægi þess að hafnir landsins vinni eftir skýrri umhverfisstefnu, enda kappsmál hafnanna að rekstur þeirra og framkvæmdir falli að almennum umhverfiskröfum. Þingið beinir því til stjórnar að hafnasambandið leiði þessa vinnu.

Ályktun um þátttöku ríkissjóðs í framkvæmdum og viðhaldi hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 samþykkir að fela stjórn Hafnasambands Íslands að leita allra leiða til að fá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og önnur yfirvöld samgöngumála til að fallast á sjónarmið sem lúta að verulega aukinni þátttöku ríkisins í nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum við hafnir landsins.

Horft verði til kostnaðarþátttöku ríkisins við önnur almenningssamgöngumannvirki, sbr. flugvelli og þjóðvegi. Lagt er til að unnið verði að réttlátari stefnu í þessum efnum við væntanlega endurskoðun hafnalaga. Jafnframt verði unnin ítarleg stefnumótun um framtíðarrekstrarfyrirkomulag og nýtingu hafna landsins.

Ályktun um aukinn jöfnuð vegna innheimtu aflagjalds:



Hafnasambandsþing, haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 samþykkir að fela stjórn Hafnasambands Íslands að láta fara fram skoðun á verðmyndun sjávarafla m.t.t. álagningar aflagjalds. Stjórninni er falið að leita allra leiða til að sem mestur jöfnuður náist milli greiðenda aflagjaldsins. M.a. verði skoðað hvort og með hvaða hætti unnt sé að reikna aflagjald af meðalverði sjávarafla á fiskmörkuðum.

Tillaga 2 frá fulltrúum Sandgerðishafnar vísað til stjórnar.

Ályktun um starfsemi Siglingastofnunar



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september tekur undir með stjórn Hafnasambands Íslands, sem telur það ekki viðunandi kost að sérþekkingu og þjónustu á sviði hafnamála sé dreift á fleiri ríkisstofnanir, og leggst þingið eindregið gegn því að Siglingastofnun verði skipt upp.

Ályktun um fjárhagsstöðu hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 fagnar vandaðri og ítarlegri skýrslu starfshóps um fjárhagsstöðu hafna. Niðurstaða skýrslunnar sýnir berlega að flestar hafnir landsins búa við afleit rekstrarskilyrði. Samhliða er bent á ýmsar ráðstafanir sem grípa má til svo rétta megi hlut hafnanna. Því skorar hafnasambandsþing á samgönguráðherra að beita sér fyrir því að unnar verði tillögur úr skýrslunni í samstarfi við Hafnasamband Íslands, með það að markmiði að rétta hlut hafnanna.

Ályktun um hlutverk og tækifæri hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 hvetur hafnarstjórnir og stjórn Hafnasambands Íslands til að taka til skoðunar og umræðu hlutverk hafna og tækifæri í síbreytilegu umhverfi. Rétt eins og öðrum fyrirtækjum og stofnunum er höfnum nauðsynlegt að endurskilgreina hlutverk sitt og þróa starfsemi byggða á staðarkostum og styrkleikum. Í þeim efnum þurfa hafnir að hafa frumkvæði að samstarfi og samræðu við aðra aðila í atvinnulífinu.

Ályktun um lagaumhverfi hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 hvetur til endurskoðunar hafnalaga og annarrar löggjafar sem tengist höfnum til að gera þeim kleið að endurskoða hlutverk sitt og starfsemi, þróa og laga að breyttum atvinnuháttum. Við endurskoðun löggjafarinnar verði m.a. hafðar til hliðsjónar ályktanir hafnasambandsþingsins um vigtarmál, haftengda ferðaþjónustu og umhverfismál hafna.

Ályktun um haftengda ferðaþjónustu:



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 leggur áherslu á mikilvægi markaðssetningar Íslands sem ferðaþjónustulands fyrir haftengda ferðaþjónustu, s.s. skemmtiferðaskip, skútur, lystisnekkjur, sjóstangaveiðar og skoðunarferðir af ýmsu tagi.

Hafnasambandsþing beinir þeim tilmælum til samgönguráðherra og iðnaðarráðherra að styrkja enn frekar þau sóknarfæri í ferðaþjónustu sem felast í heimsóknum skemmtiferðaskipa til Íslands. Vísað er til nýlegrar skýrslu um efnahagsleg áhrif farþega skemmtiferðaskipa, sem Buisiness, Reasearch and Economic Advisors og Peter Wild unnu sumarið 2009 fyrir Hafnasamband Íslands. Af skýrslunni má sjá að jákvæð áhrif þessa hluta ferðaþjónustunnar eru veruleg og án vafa er þar að finna vannýtt tækifæri, sem skynsamlegt er að nýta.

Hingað til hafa einstakar hafnir og ferðaþjónustuaðilar borið uppi markaðsstarf á þessu sviði, en ef auka á sóknina enn frekar er brýnt að tekið verði tillit til þess í framlögum ríkisins til markaðsstarfs. Slík sókn mun auka tekjur ríkissjóðs, hafnanna og ferðaþjónustuaðila. Af sömu ástæðu varar hafnasambandsþing eindregið við frekari hækkunum opinberra gjalda sem leggjast á skemmtiferðaskip og farþega þeirra.

Ályktun um umhverfisstarf hafna



Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 vekur athygli aðildarhafna sinna á auknu vægi umhverfismála í rekstri hafna. Margir þættir í rekstri hafna snúast um umhverfismál, en víða skortir á að stuðst sé við heildstæða stefnu og skipulagt starf í þeim efnum.

Hafnasambandsþing beinir þeim tilmælum til hafna að þær komi á umhverfisstjórnun í starfsemi sinni enda kappsmál hafnanna að rekstur þeirra og framkvæmdir falli að almennum umhverfiskröfum. Í markvissu og framsæknu umhverfisstarfi felast aukin tækifæri fyrir hafnirnar, svo sem í bættum rekstri, markaðsstarfi og nýsköpun. Jafnframt er stjórn hafnasambandsins hvött til að vekja umræðu um þessi mál á vettvangi hafna, m.a. með því að afla upplýsinga um erlendar og innlendar fyrirmyndir.

V. HELSTU UMFJÖLLUNARMÁL STJÓRNAR

Helstu mál sem stjórn og nefndir hafa fjallað um frá síðasta hafnasambandsþingi eru:

ENDURSKOÐUN HAFNALAGA

Á hafnasambandsþingi í Stykkishólmi 2010 var ályktað um að óska eftir endurskoðun hafnalaga og var erindi þar að lútandi sent innanríkisráðherra. Með bréfi dags. 15. nóvember óskaði ráðherra eftir tilnefningu Hafnasambands Íslands í starfshópin og var ákveðið að Gísli Gíslason formaður og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir varaformaður tækju sæti í honum. Formaður hópsins var Sigurður Ó Guðleifsson, frá innanríkisráðuneytinu og auk hans sat í hópnum Sigurður Áss Grétarsson frá Siglingastofnun, en Rúnar Guðjónsson starfaði með hópnum. Starfshópurinn skoðaði fjölmörg atriði sem komu til greina að leggja inn í drög að frumvarpi um breytingu á hafnalögum. Þau meginefni sem að lokum voru færð í frumvarpsdrög eru eftirfarandi:

1. Skarpari skilgreining á orðinu „höfn“.
2. Betri skilgreining á orðinu „neyðarhöfn“.
3. Fjárhagslegur aðskilnaður almennrar hafnarstarfsemi og ferjuhafna.
4. Heimild hafna til að semja um afmarkaða þætti rekstrar.
5. Lagfæring orðalags varðandi gjaldskrá hafna. Dregið úr upptalningu þjónustugjalda.
6. Aflagjald með sama hætti og í gildandi lögum – lágmarkið hækkað, en skilið á milli bolfisks og uppsjávarfisks sem landað er með dælingu. Lágmarksgjald á uppsjávarfiski lægra en á bolfiski.
7. Grein um móttökuskyldu o.fl. skipt í fimm hluta – móttökuskylda, trygging fyrir gjöldum, ábyrgð umráðamanns/eiganda, uppboðsheimildir og lögveð vegna lóðagjalda. Heimild til að hafna móttöku skips vikkud – m.a. vegna kjarnorkuknúinna skipa. Lögveð fyrir lóðarleigu.
8. Styrkir til framkvæmda bundnir almannahagsmunum og því að þeir raski ekki samkeppni skv. EES samningi. Kröfum ESA mætt með þessu.
9. Styrkir til framkvæmda:
 - a. Tillaga Hafnasambands Íslands – allt að 90% styrkir til endurnýjunar mannvirkja. Tillaga innanríkisráðuneytis og Siglingastofnunar lægri – en með mögulegri 20% hækkun vegna smærri hafna.
 - b. Mögulegt að liðka til fyrir sameiningu hafna með framlagi ríkisins.
 - c. Mögulegt að leggja niður hafnarrekstur í heild eða að hluta með framlagi ríkisins.
 - d. Nýframkvæmdir takmarkaðari við reglur EES samnings og arðsemi.
 - e. Áhersla HÍ er á endurnýjun eldri mannvirkja.
 - f. Nauðsynlegt að setja reglugerð um styrki og hvaða hafnir geti notið framkvæmdastyrkja.

10. Skilyrði fyrir styrkhæfni að höfn hafi jákvæðan rekstrarafgang og nýti tekjur á eðlilegan hátt. Þetta þarfnast frekari skilgreiningar í reglugerð.
11. Ákvæði 18. greinar hafnalaga verði ekki beitt fyrir en árið 2015. Greinin fjallar um hvort höfn sé með sjálfstjórn (og geti nýtt sér ákvæði virðisaukaskattslaga) eða teljist málaflokkur sveitarsjóðs.

Vinna við gerð frumvarpsins tók nokkuð lengri tíma en áætlað hafði verið m.a. vegna þess að formaður nefndarinnar lét af störfum í innanríkisráðuneytinu og nokkurn tíma tók að koma vinnunni aftur af stað eftir hlé á starfinu í lok árs 2011. Niðurstaðan varð síðan sú að til ráðherra var skilað tveimur tillögum að frumvörpum, annars vegar frá fulltrúum innanríkisráðuneytis og Siglingastofnunar og hins vegar frá fulltrúum Hafnasambands



Íslands. Greindi þar á milli hvert styrkhlutfall vegna framkvæmda og endurbóta í höfnum ætti að vera, en að öðru leyti voru allir fulltrúar starfshópsins efnislega sammála um önnur atriði. Tillögunum var fylgt eftir á fundi með innanríkisráðherra, en málið er nú í hans höndum og þess vænst að hann leggi fram frumvarp á komandi þingi. Það er mat stjórnar Hafnasambands Íslands að frumvarpið styrki rekstrarumhverfi hafna, en vissulega skipti meginmáli í framhaldinu hvernig tekið verði á framlögum til þeirra í samgönguáætlun. Þá er stjórnin þeirrar skoðunar að afar mikilvægt sé að drög að reglugerðum sem setja þarf í framhaldi af samþykkt frumvarps um breytingar á hafnalögum fylgi frumvarpinu þannig að ljóst sé hvernig lögunum skal framfylgt.

SKÝRSLA UM FJÁRHAG OG GJALDSKRÁ HAFNA 2010 OG 2011

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman fyrir hvert hafnasambandsþing skýrslu um fjárhagsstöðu hafnanna og verður slík skýrsla lögð fram á hafnasambandsþingi 2012 eins og venja er. Mun skýrslan taka til rekstraráranna 2010 og 2011. Starfsmenn hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson stjórnsýslufræðingur, hafa tekið þessa skýrslu saman

FJÁRHAGUR HAFNA

Á síðustu tveimur árum hefur hagur hafna almennt batnað. Tekin var saman skýrsla um þróun fjárhags 35 hafna og var hún lögð fram á hafnafundi 2011. Skoðaðar voru heildar tekjur, gjöld, framlegð, aflagjöld, skuldir o.fl. Árið 2010 voru tekjur þessara hafna 5,8 ma.kr. þar af aflagjald 1,5 ma.kr. Framlegð 30 hafna var jákvæð fyrir afskrifir og að teknu tilliti til afskrifta var sami fjöldi hafna með jákvæða afkomu. Langtímaskuldir hafnanna samanlagt voru 10,0 ma.kr. en heildarskuldir 15,8 ma.kr. Þar af ber ein höfn 5,6 ma.kr. af þeim skuldabagga. Þegar nokkrar lykiltölur eru skoðaðar fyrir árin 2007 annars vegar og

2011 hins vegar má sjá ákveðna þróun, sem er að sumu leyti jákvæð en að öðru leyti staðfesting á viðkvæmum rekstrargrundvelli hafnanna.

Mkr.	2007	Fram-reiknað*	2011
Heildar tekjur	4.908	6.722	5.780
Aflagjöld	874	1.197	1.524
Heildar skuldir	11.335	15.526	15.804
Afkoma án afskrifta	437	598	2.637
Rekstrarkostnaður	2.610	3.575	3.143
*Nvt. 31.12.2007–31.12.2011			

Ofangreindar tölur sýna að heildartekjur hafna hafa ekki haldið í við verðlag á árunum frá 2008 til 2011. Líklega eru á því ýmsar skýringar en eflaust fer saman að gjaldskrárhækkningar eru almennt undir verðlagsþróun auk þess sem ætla má að ýmsir tekjuliðir hafna, aðrir en aflagjöld, hafi dregist saman. Þá má sjá að skuldir hafa ekki hækkað umfram neysluvísitölu. Rekstrarkostnaður er eilítið umfram breytingar á vísitölu en aflagjald hefur hækkað verulega umfram verðlag og framlegð hafnanna er mun meiri en áður. Miðað við framangreint er augljóst að það verður áfram viðvarandi verkefni eigenda hafnanna að leita leiða til að styrkja afkomu hafnanna með hagræðingu, sameiningu hafna þar sem það er mögulegt og betri nýtingu tekjuliða.

SAMGÖNGUR Á SJÓ

Hafnasamband Íslands hefur síðasta áratug ítrekað ályktað um nauðsyn þess að sjó- og strandflutningar verði eflir, m.a. með tilliti til umhverfisþátta, öryggis og kostnaðar vegna slits á vegum. Samgönguráðherra skipaði starfshóp til þess að fara yfir þessi mál og skilaði hópurinn skýrslu í júní 2010 um mat á hagkvæmni strandflutninga. Á árinu 2011 skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að útbúa gögn til undirbúnings útboði á strandsiglingum. Formaður starfshópsins var Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði. Starfshópurinn skilaði ráðherra gögnum sínum og bíður verkefnið nú ákvörðunar hans um útboð en í samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að tekin verði ákvörðun um fjármögnun verkefnisins.



LÖG OG REGLUGERÐ UM VIÐBRÖGÐ VIÐ BRÁÐAMENGUN

Hafnasamband Íslands hefur átt gott samstarf við umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun um breytingar á lögum um verndun hafs og stranda og setningu reglugerðar um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun. Frumvarp á grundvelli þessa samstarfs var lagt fram á Alþingi en fékk ekki afgreiðslu á sl. vori. Málið bíður því frekari umfjöllunar Alþingis.

REGLUGERÐ UM VIGTUN OG SKRÁNINGU SJÁVARAFLA

Ítrekað hefur Hafnasamband Íslands leitað eftir samkomulagi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Fiskistofu um framkvæmd vigtunar sjávarafla, fjarvigtun, ábyrgð vigtarmanna og hlutdeild ríkisins í kostnaði við vigtunina. Málaleitan HÍ hefur ekki hlotið hljómgrunn, þó svo að fjallað hafi verið um málin á fundum og samstarfshópi.

Áherslur sem HÍ hefur sett fram, en þær lúta m.a. að eftirfarandi:

- Möguleika hafnanna á að nota fjarvigtun.
- Greiðslum vegna þjónustu hafnanna við opinbera aðila.
- Kostnað og fyrirhöfn vegna námskeiðahalds og vigtarréttinda.
- Skilgreining á hlutverki hafna skv. gildandi lögum.
- Hæfisreglur varðandi vigtarmenn.
- Ábyrgð vigtarmanna.

Í frumvarpi til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða virðist heldur hert á ábyrgð vigtarmanna og hún gerð hlutlæg, þ.e. að yfirsjónir og mistök geta orðið refsiverð án tillits til sakar eða ásetnings um brot. Að auki er frekar fest í sessi heimild Fiskistofu til að beita svonefndum stjórnvaldssektum, sem um margt geta verið afar íþyngjandi fyrir starfsmenn hafnanna. Þegar haft er í huga að málsmeðferð og ákvörðun stjórnvaldssekta er mun frumstæðari en sektir sem dómstólar leggja á einstaklinga þá verður að gjalda varhug við ofnotkun á heimildum einstakra stjórnvalda til álagningar stjórnvaldssekta ekki hvað síst þegar slíkum úrræðum er beint að starfsmönnum hafna, sem í raun annast alla skráningu í fiskveiðistjórnunarkerfi ríkisins. Slíkt háttarlag getur ekki talist eðlilegt og auk hafnanna ættu sveitarfélög og stéttarfélög starfsmanna að láta málið til sín taka með afgerandi hætti.

SAMGÖNGUÁÆTLUN

Stjórn Hafnasambands Íslands sendi umsögn til Alþingis vegna framlagningar frumvarps til laga um fjögurra ára samgönguáætlun og þingsályktunar um samgönguáætlun til 2022. Umsögn stjórnarinnar var eftirfarandi:



Stjórn Hafnasambands Íslands hefur tekið til umfjöllunar tillögu að þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022. Hafnasambandið leyfir sér að senda eina umsögn um báðar tillögurnar.

Tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2011 til 2022 er viðamikil og um

margt metnaðarfull tillaga í samgöngumálum. Umsögn Hafnasambands Íslands beinist eingöngu að þeim þætti sem varðar beint hafnir og hafnamál.

Þau atriði sem Hafnasamband Íslands gerir athugasemdir og ábendingar um eru eftirfarandi:

Á það er bent að hafnir, sem hluti innviða í samgöngum á Ísland, eru mikilvægar samgöngum og efnahagslífi. Þeir fjármunir sem áætlað er að verja til hafnaframkvæmda á tímabili fjögurra ára áætlunar og langtímaáætlunar eru nauamt skammtaðir. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun hafnalaga og standa vonir eigenda hafna til þess, að með endurskoðun á gildandi lögum varðandi framkvæmdastyrki þá verði nauðsyn á að hækka framlag til hafnaframkvæmda á tímabili áætlananna.

Mikilvægt er að skerpa á fyrirætlun um mótun stefnu í hafnamálum og hlutverki hafna í samgöngukerfi landsins. Á síðustu árum hefur rekstur allflestra hafna verið afar bágborinn og geta þeirra til endurnýjunar og nýframkvæmda mjög lítil. Til framtíðar lítið er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða hafnir eigi að uppfylla gæðakröfur um aðstöðu og öryggi til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Gæðakröfur í höfnum hafa í raun ekki verið skilgreindar heldur byggð hafnarmannvirki sem þjóna í senn vöruflutningum, fisklöndun, ferðaþjónustu og móttöku farþega. Ataks er þörf í þessum efnum að teknu tilliti til stærðar hafna og umsvifa.

Það er skoðun Hafnasambands Íslands að skilja eigi áætlun um ferjuleiðir og aðstöðu fyrir ferjur frá umfjöllun um hlutverk hafna og framkvæmdum í höfnum. Ákvörðun um ferjuleiðir, rekstur ferja og uppbyggingar aðstöðu fyrir ferjur á að vera alfarið hjá ríkisvaldinu og eðlilegt að stefna í þeim efnum sé mótuð sérstaklega á þess vegum.

Hafnasamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með að horfa eigi til sjóflutninga sem raunhæfs valkostar vöruflutninga á landinu.

Hafnasamband Íslands áréttar mikilvægi þess að horft verði til mikilvægis hafna í samgöngukerfi landsins. Í því efni er brýnt að þær hafnir sem nú þegar hafa verið byggðar og gegna lykilhutverki í flutningum og útgerð verði sjálfbærar, en að öðrum höfnum sem eru forsenda atvinnulífs í byggðarlögum verði gert kleift að standa undir endurnýjun mannvirkja og nauðsynlegum nýframkvæmdum.

FRAMTÍÐARSKIPAN STOFNANA Í SAMGÖNGUMÁLUM

Lögð hafa verið fram á Alþingi frumvörp um endurskipulagningu á samgöngustofnunum ríkisins. M.a. er gert ráð fyrir stofnun svonefndrar Farsýslu, sem annast á alla stjórnsýslu tengda samgöngumálum, en hluti Siglingastofnunar felldur undir Vegagerðina. Hafnasamband Íslands hefur ítrekað ályktað að þjóð sem byggir á útgerð, fiskvinnslu og flutningum til og frá landinu á sjó eigi að reka stofnun þar sem málefni hafs og stranda eru í öndvegi. Einkum á þetta við þar sem auðlindir þjóðarinnar eru ekki síður í hafinu en á landi og væntingar um efnisvinnslu, olíuvinnslu og siglingar um svonefnda norðvesturleið milli Asíu og Evrópu. Frumvörp um endurskipulagningu þessara stofnana hafa ekki verið afgreidd af Alþingi þannig að enn er von til þess að ríkið beini sjónum

sínum og kröftum að því brýna verkefni að skipa málefnum hafs og stranda með þeim hætti sem skynsamlegt og nauðsynlegt er.

FJALLAÐ VAR UM EFTIRTALIN LAGAFRUMVÖRÐ OG ÞINGMÁL

Stjórn Hafnasambands Íslands gaf umsagnir um fjölda frumvarpa til laga og er þau eftirfarandi:


- Frumvarp til hafnalaga (Helguvíkurböfn).
- Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.
- Frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar.
- Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð.
- Frumvarp til laga um farþegagjald og gistinguáttagjald.
- Frumvarp til laga um tekjuskatt.
- Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
- Frumvarp til laga um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.
- Tillaga að þingsályktun um undibúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar.
- Tillaga að þingsályktun um styttingu þjóðvegans milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands.
- Frumvarp til breytinga á hafnalögum.
- Frumvarp til laga um hafnir.
- Frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa.
- Tillaga að þingsályktun um innsiglinguna í Grindavík.
- Frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011 - 2014.
- Tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2011 – 2022.
- Frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.
- Frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála.
- Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð – heildarlög.
- Tillaga að þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun.
- Tillaga að þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun.
- Frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum.
- Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.

ÖNNUR VERKEFNI STJÓRNAR

Í maímánuði 2011 heimsótti stjórn Hafnasambands Íslands hafnir á Suðurnesjum og nágrenni, þ.e. Þorlákshöfn, Grindavík, Reykjaneshafnir, Sandgerði, Vogar og Hafnarfjörð. Í maí 2012 hélt stjórnin á Vestfirði og heimsótti hafnir Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur. Heimsóknirnar voru afar fræðandi og mikilvægur þáttur í starfsemi stjórnarinnar.

Á fundi stjórnar HÍ í nóvember 2011 var opnaður nýr og endurbættur vefur hafnasambandsins – www.hafnasamband.is. Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafði veg og vanda af gerð nýja vefjarins. Ingibjörg sér jafnframt um viðhald hans og uppfærslur. Er það samdóma álit að vel hafi tekist til með endurbætur vefjarins.

Í lok maí kom formaður stjórnar færandi hendi á skrifstofur Hafnasambands Íslands í Borgartúni, en tilefnið var 60 ára afmæli Magnúsar Karels Hannessonar starfsmanns hafnasambandsins. Eru Magnúsi færðar árnaðaróskir og um leið þökkun þágu hafnasambandsins.



VI. NIÐURLAG

Stjórn Hafnasambands Íslands fjallaði á liðnu starfstímabili um fjölmörg mál sem varða hagsmuni hafnanna og skipta verulega máli.

Samstarf hafnasambandsins við Ögmund Jónasson innanríkisráðherra hefur verið ánægjulegt og væntingar af hálfu stjórnar HÍ að ráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á hafnalögum á þeim grunni sem fulltrúar hafnasambandsins lögðu fram. Þá hefur sem fyrr verið gott samstarf við starfsmenn ráðuneytis hans og eru þeim færðar þakkir um leið og treyst er á áframhaldandi gott og farsælt samstarf. Sem fyrr hefur samstarf starfsfólks hafna, Hafnasambands Íslands og starfsmanna Siglingastofnunar ætíð verið gott og eru þeim færðar þakkir fyrir góð störf að hafnamálum. Stjórn HÍ telur mikilvægt að staðið verði vörð um starfsemi, þekkingu og sérhæfð hafnarverkefni Siglingastofnunar hvort heldur er á sviði rannsókna, öryggismála í höfnum eða mannvirkjagerð.

Rekstur Hafnasambands Íslands hefur verið í samræmi við þá áætlun sem hafnasambandsþing samþykkti í Stykkishólmi árið 2010 og er fjárhagsstaða sambandsins sterk.

Hafnasambandsþing er nú haldið í Vestmannaeyjum – einni stærstu verstöð Íslands. Þar haldast hagsmunir hafnar og útgerðar í hendur og vitundin um trygga og örugga höfn er



sterk í hugum þeirra sem að málum koma. Það fer vel á því að halda hafnasambandsþing í Vestmannaeyjum um leið og minnt er á gildi hafna fyrir samfélagið og nauðsyn þess að skilningur á þeim mikilvæga hornsteini samganga sé öllum ofarlega í huga. Stjórn Hafnasambands Íslands færir þeim sem standa að undirbúningi og framkvæmd þingsins bestu þakkir fyrir vel unnið verk.

Sú stjórn sem lokið hefur kjörtímabili sínu hefur unnið einarðlega að verkefnum sínum og er þeim öllum þakkað fyrir gott og farsælt samstarf á liðnum tveimur árum.

Á næstu árum er ljóst að bætt hafnalög og samgönguáætlun munu verða þau gögn sem miklu skipta fyrir íslenskar hafnir. Vissulega munu sem fyrr verða sveiflur í aflabrögðum og efnahag en síðustu ár hafa minnt rækilega á mikilvægi góðra hafna og áætlanir ríkisins um stefnu í málefnum hafna og framlög til framkvæmda munu ráð mestu um hvernig til tekst í að tryggja rekstrargrundvöll hafnanna. Í raun er með ólíkindum að sjónum ríkisins hafi ekki í meira mæli verið beint að hafnamálum og mikilvægi þess að móta stefnu til framtíðar um hvernig þjóðin ætlar að tryggja uppbyggingu og viðhald þessa mikilvæga samgöngubáttar. Stefnumótunin mun aldrei geta snúist um einstök verkefni eða einstakar

hafnir heldur hvernig við tryggjum byggðunum aðgang að öruggri lífæð fyrir afla, vörur og uppbygginu atvinnulífs. Það er áfram lykilatriði að allir þeir sem að málum koma horfi til þess hvernig nýta eigi fjármuni frá höfnum og ríki á hagkvæman og skynsamlegan máta í því skyni að íslenskur sjávarútvegur, flutningastarfsemi, ferðaþjónusta og hafnsækið atvinnulíf verði ekki aðeins samkeppnisfært á innanlandsmarkaði heldur standist einnig fyllilega samanburð við þá aðstöðu sem byggð er og rekin í nágrennalöndum okkar. Hafnirnar eru hornsteinn í efnahags- og samgöngukerfi landsins. Okkur ber skylda til að sjá til þess að þessi hornsteinn gegni hlutverki sínu með sóma.

Gert í júlí 2012.

*Gísli Gíslason,
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands.*